

Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um ábyrgðarskiptingu á uppbyggingu hjúkrunarheimila

1. gr.

Gildissvið og forsaga.

Samkomulag þetta felur í sér breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hvað varða ábyrgð og aðkomu sveitarfélaga að fjármögnun á uppbyggingu hjúkrunarheimila.

Eignarhald hjúkrunarheimila skiptist í þrjá meginflokka: Eldra fyrirkomulag þar sem eignarhald fasteigna liggur hjá rekstraraðila hjúkrunarheimilis, "leiguleiðin" þar sem eignarhald liggur hjá sveitarfélögum en ríkissjóður greiðir húsaleigu til 40 ára sem samsvarar 85% af stofnkostnaði og loks núverandi fyrirkomulag sem byggist á sameiginlegu eignarhaldi ríkis og sveitarfélaga, þ.e. einkum í 85/15 hlutföllum.

Á undanförunum árum hafa flest hjúkrunarheimili verið byggð sameiginlega á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga þar sem lögbundin krafa samkvæmt 32. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu er að sveitarfélög taki þátt í byggingu hjúkrunarheimila sem nemi að lágmarki 15% af stofnkostnaði. Auk þess bera sveitarfélög ábyrgð á meiri háttar viðhaldi á eldri hjúkrunarheimilum og tækjakaupum sem telst til stofnkostnaðar. Þá ber sveitarfélögum til viðbótar að láta í té lóðir undir byggingar hjúkrunarheimila ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda.

2. gr.

Ábyrgðar- og kostnaðarskipting.

Þörf fyrir öldrunar- og heilbrigðisþjónustu eykst hratt í samræmi við öldrun þjóðarinnar. Miðað við núverandi skort á hjúkrunarrýmum og mannfjöldaspá Hagstofu Íslands má ætla að það sé þörf á að fjölga hjúkrunarrýmum um 1.600 til ársins 2040 eða sem nemur ríflega 100 á ári.

Ætla má að hlutdeild sveitarfélaga í uppbyggingu nýrra hjúkrunarheimila miðað við núverandi fjárfestingarþörf sé um 1.410 m. kr. árlega. Gatnagerðargjöld vegna 100 rýma hjúkrunarheimilis, sem er um 6.500 m² að stærð, næmu að jafnaði um 190 m. kr. Til viðbótar bætist jafnframt meiri háttar viðhaldskostnaður í samræmi við eignarhlutfall í þegar byggðum hjúkrunarheimilum. Loks er óljóst hvort eða á hvaða verði sveitarfélög selja lóðir auk þess sem að lóðaverð er talsvert háð staðsetningu.

Í samkomulaginu felst að ábyrgð á fjármögnun vegna uppbyggingar hjúkrunarheimila verður alfarið á ábyrgð ríkisins frá og með 1. júlí 2025 eða frá og með gildistöku á breytingum á núgildandi 32. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og 5. mgr. 9. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Frá 1. júlí 2025, ef fyrirhugaðar lagabreytingar ganga eftir, bera sveitarfélög framvegis ekki lengur ábyrgð á fjármögnun vegna uppbyggingar og leigu hjúkrunarheimila, auk

Þess sem sveitarfélögum verður ekki lengur skylt að úthluta lóðum án greiðslu gatnagerðargjalda. Þegar sveitarfélög úthluta lóðum undir hjúkrunarheimili verður það hins vegar áfram gert án lóðarleigu og án byggingarréttargjalda enda er um almannaþjónustu að ræða. Samkomulag þetta hefur þó ekki áhrif á ábyrgðar- og kostnaðarskiptingu hjúkrunarheimila sem eru í byggingu.

Breytt ábyrgðarskipting felur ekki í sér breytingar á tekjustofnun sveitarfélaga heldur er hún liður í að einfalda verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og styrkja fjárhag sveitarfélaga. Áætlað er að fjárhagslegt umfang verkefnisins geti orðið um 1,6 ma. kr. árlega en það miðar við áætlaða þörf á 1.600 hjúkrunarrýmum næstu 15 ár.

3. gr.

Eignarhlutur sveitarfélaga í fasteignum.

Samningsaðilar eru sammála um að taka þurfi afstöðu til eignarhalds og ábyrgðarskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga hvað varðar eldri hjúkrunarheimili. Samningsaðilar munu því setja á fót stýrihóp sem falið verður að útfæra nánar skiptingu á eignum milli ríkis og sveitarfélaga.

Gengið er út frá því að þar sem um sameiginlegt eignarhald ríkis og sveitarfélaga er að ræða muni eignarhlutur sveitarfélaga í eldri hjúkrunarheimilum færast yfir til ríkisins til að einfalda verka- og ábyrgðarskiptingu með sambærilegum hætti og gert var með eignarhlut ríkisins í grunnskólahúsnaði þegar það færðist yfir til sveitarfélaga. Ríkið mun þá jafnframt alfarið taka yfir viðhaldsskyldu á slíkum eignum sem sveitarfélög bæru annars í samræmi við eignarhlutdeild í viðkomandi eign.

Sambandið mun hafa milligöngu um samskipti við sveitarfélögin og stefnt skal að því að samningar um yfirfærslu á eignum liggi fyrir eigi síðar en 1. janúar 2026 eða samhliða gildistöku á lagaákvæði um eignayfirfærslu.

4. gr.

Lagabreytingar.

Eftirfarandi breytingar á lögum eru forsenda á tilfærslu á ábyrgð á uppbyggingu hjúkrunarheimila:

- a. Breytingar á lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, einkum 32. gr. laganna.
- b. Breytingar á lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra, einkum 9. gr. laganna.

5. gr.

Fyrirvari.

Samkomulagið er gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar og breytingar á fjárlögum.

Reykjavík, 19. mars 2025

Fyrir hönd ríkisins

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga

Daði Már Kristófersson
Fjármála- og efnahagsráðherra

Heiða Björg Hilmisdóttir
formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Inga Sæland
Félags- og húsnæðismálaráðherra

Arnar Þór Sævarsson
framkvæmdastjóri Sambands íslenskra
sveitarfélaga

Alma Möller
Heilbrigðisráðherra